

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestingaákvörðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvörðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Hluthafastefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) í stjórnarháttum sjóðsins sem hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.

Varðandi stefnu sjóðsins í umhverfis- og félagsmálum vísast til stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum.

Gildissvið

Hluthafastefna LSBÍ á fyrst og fremst við um innlendar fjárfestingar sjóðsins þar sem hann fer með verulegan eignarhlut eða 0,4% eða hærra beinan eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem eignarhlutur er 0,4% eða hærra af heildareignum lífeyrissjóðsins.

Val og kröfur til stjórnarmanna

Almennt tilnefnir sjóðurinn ekki fulltrúa í stjórnir félaga fyrir aðalfundi þeirra. Í þeim tilfellum sem ekki er sjálfkjörið til stjórnar tekur framkvæmdastjóri saman ákvörðun stjórnar um hvernig sjóðurinn hyggist ráðstafa atkvæðum sínum. Stjórnarmenn LSBÍ taka ekki sæti í stjórnnum félaga sem falla undir stefnu þessa í umboði sjóðsins.

LSBÍ leggur áherslu á að stjórnir félaga sem fjárfest er í starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Það felur meðal annars í sér að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og beri hagsmuni félags sem þeir starfa í umboði fyrir umfram aðra hagsmuni þar með talið eigin hagsmuni.

Hluthafafundur

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi félaga sem hann er hluthafi í samkvæmt gildissviði stefnu þessarar. Almennt styður sjóðurinn tillögur stjórna að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir umrætt félag og hagsmuna sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins fer með atkvæði sjóðsins í umboði stjórnar sjóðsins á hluthafafundum félaga en hefur heimild til að framselja umboðið til starfsfólks eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka.

Í lok hvers starfsárs birtir sjóðurinn á vefsvæði sínu upplýsingar um ráðstöfun atkvæða.

Starfskjör og starfskjarastefna

Sjóðurinn gerir kröfu um að gætt sé hófs við gerð starfskjarastefnu og ákvörðun kjara stjórnarmanna félaga sem falla undir hluthafastefnuna. Gæta þarf þess að allar ákvörðanir séu í samræmi við

EC BP
7.

hlutafélagalög, taki mið af stærð félagsins, umfangi og þess markaðar sem það starfar á. Þá sé þess gætt að árangurstengdar greiðslur og valréttir stjórnenda og stafsólks séu skýrt afmarkaðir og fari saman við langtímahagsmuni félagsins.


Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

LSBÍ hlutast ekki til með beinum hætti um stjórnarstörf einstaka stjórnarmanna eftir að þeir hafa hlotið kosningu í stjórn. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að eiga samskipti við stjórn eða stjórnendur þar sem sjóðurinn er hluthafi og í samræmi við gildissvið hluthafastefnu þessarar, skal þess gætt að samskipti séu í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags, ákvæði samkeppnislaga og reglur um innherjaupplýsingar.

Samkeppnissjónarmið

LSBÍ leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhlut í eigi í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlut í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundum LSBÍ 24. febrúar 2020


Brynja Þorbjörnsdóttir
